



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 8. janúar 2020

2001024SA GB  
Málalykill: 00.64

### Efni: Umsögn um drög að reglugerð um fiskeldi, mál nr. 312/2019

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnarráðsins frá 18. desember þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um fiskeldi. Reglugerðin kemur í stað reglugerðar nr. 401/2012 um sama efni en við gerð hennar eru innleiddar breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um fiskeldi nr. 71/2008, með lögum nr. 101/2019. Umsögn þessi er unnin í samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga.

### 3. gr. Skilgreiningar

Lagt er til að undirstrikaði textinn bætist við skilgreininguna *Sjókvíaeldissvæði*: Fjörður eða afmarkað hafsvæði fyrir sjókvíaeldi þar sem gert er ráð fyrir einum árgangi eldisfisks hverju sinni og möguleiki er að fleiri en einn rekstrarleyfishafi starfræki sjókvíaeldisstöðvar á sama svæði með skilyrtri samræmingu í útsetningu seiða og hvíld svæðisins. Afmörkun sjókvíaeldissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna á dreifingu sjúkdómsvalda og afmörkun svæða samkvæmt strandsvæðaskipulagi eða umsögn Skipulagsstofnunar sé strandsvæðaskipulag ekki fyrir hendi. (til samræmis við 6. gr. rg.)

### 12. gr. Umsókn um rekstrarleyfi

Eðlilegt væri að gera ráð fyrir rafrænu umsóknarferli.

### 36. gr. Merkingar sjókvíaeldisstöðva

Lagt er til að tryggt verði að viðkomandi hafnarstjórn fái einnig tilkynningu um staðsetningu starfsemi, sbr. 4. mgr. Einnig ætti að tryggja að svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags fái sömu upplýsingar.

### Ákvæði til bráðabirgða vegna eldri búnaðar

Endurskoða ætti fyrirsögn ákvæðisins, sem ekki endurspeglar inntak ákvæða sem þar falla undir.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri